

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Grundarfjarðar.

Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Grundarfjarðar er byggð á lögum nr. 81/1991 ásamt síðari breytingum og reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992 ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Vatnsgjald er 0,228 hundraðshlutar af fasteignamati.

2. gr.

Aukavatnsskattur skal vera 14 krónur fyrir neysluvatn á hvern mældan eða áætlaðan rúmmetra vatns.

3. gr.

Leigugjald vatnsmæla fer eftir sverleika heimæðar. Ársleiga skal vera sem hér segir:

4"	mælar	kr. 34.372
3"	mælar	kr. 20.625
2 ½"	mælar	kr. 19.082
2"	mælar	kr. 15.450
1 ½"	mælar	kr. 6.667
1 ¼"	mælar	kr. 3.980
1"	mælar	kr. 3.546

Gjalddagar leigugjalds eru þeir sömu og við innheimtu aukavatnsskattsins sjálfs, nú sex sinnum á ári. Leigugjaldið er bundið byggingavísitölu, sem er 278,0 stig í janúar 2003.

4. gr.

Heimæðagjald sem fer eftir sverleika heimæðar, miðað við allt að 20 metra langa heimæð, skal vera sem hér segir:

110 mm	heimæð	kr. 153.055
90 mm	heimæð	kr. 125.418
75 mm	heimæð	kr. 116.820
63 mm	heimæð	kr. 95.820
50 mm	heimæð	kr. 89.080
40 mm	heimæð	kr. 84.590
32 mm	heimæð	kr. 80.265

Fyrir hvern lengdarmetra umfram 20 metra greiðist kr. 3.211.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af bæjarstjórn Grundarfjarðar þann 11. desember 2003 öðlast þegar gildi við birtingu.

Grundarfirði, 8. janúar 2004.

Eypór Björnsson bæjarstjóri.